



Alþingi
Erindi nr. P 143/1612
komudagur 14.4.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. apríl 2014

1404004SA ÞBJ
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsludrátt, 338. mál

Vísað er til tölvupósts dags. 1. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Almennt um frumvarpið

Með frumvarpinu eru innleidd með sérstökum lögum ákvæði tilskipunar 2011/7/EB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum sem tekin var upp í EES-samninginn.

Frumvarpið hefur að geyma almennar reglur um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, annars vegar vegna viðskipta milli fyrirtækja og hins vegar um viðskipti milli fyrirtækja og opinberra aðila. Gildissviðið er afmarkað við greiðslur sem eru þóknun fyrir verslunarviðskipti og gilda ákvæði frumvarpsins því ekki um neytendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í samningum milli fyrirtækja skuli ekki veittur lengri greiðslufrestur en 60 almanaksdagar, nema um annað sé sérstaklega samið. Sé ekki samið um greiðslufrest gilda hins vegar ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 en þá getur kröfuhafi krafði skuldara um dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er einn mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna.

Hvað varðar verslunarviðskipti opinberra aðila þá er kveðið á um það í frumvarpinu að í þeim tilvikum skuli greiðsla innt af hendi eftir mest 30 almanaksdaga. Fram kemur þó að mögulegt verði að semja um undanþágu í ákveðnum tilfellum, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og verði greiðslufrestur þá mest 60 dagar. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra geti, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar, veitt opinberum aðila sem starfar á heilbrigðissviði eða er með starfsemi sem er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði, heimild til 60 daga greiðslufrests.

Prátt fyrir ákvæði frumvarpsins um greiðslufrest þá gerir frumvarpið ráð fyrir að aðilum í verslunarviðskiptum sé heimilt að semja um afborganir með greiðsluáætlun, sbr. 5. gr. Þá kemur fram að hafi afborgun ekki verið greidd á þeim degi sem um var samið þá skuli reikna dráttarvexti aðeins frá þeim degi sem hin tiltekna afborgun átti að greiðast.

Afstaða evrópskra sveitarfélaga

Sambandið telur öll markmið um að stuðlað sé að bættri greiðsluhegðun af hinu góða. Í umsögn Samtaka evrópskra sveitarfélaga (CEMR) um tilskipunina



Þegar hún var á vinnslustigi kom m.a. fram að það hlyti að vera jafn mikið kappsmál allra, hvort heldur einkaaðila eða opinberra aðila, að ná fram bættri greiðsluhegðun og því ætti ekki að gera greinarmun á þessum aðilum í löggjöf sem ætlað væri að stuðla að því markmiði.

Í umsögninni var bent á að óeðlilegt væri að gera greinarmun á greiðslufresti eftir því hvort um væri að ræða einkaaðilum eða opinbera aðila og benti á að haldlítil rök hefðu verið sett fram fyrir því. Í þeim drögum sem þá voru til umsagnar var ekki gert ráð fyrir að settur yrði sérstakur hámarksgreiðslufrestur í viðskiptum milli fyrirtækja heldur einvörðungu vegna viðskipta við opinbera aðila.

Tilskipunin tók breytingum í vinnsluferlinu m.a. að þessu leyti en engu að síður er gerður greinarmunur á greiðslufresti eftir því hver viðsemjandinn er. Því svigrúmi sem ríkjunum er veitt við innleiðingu efnis tilskipunarinnar, sbr. 4. tölul. 4. gr., er þó ætlað að taka á þeim tilvikum þar sem augljóslega getur verið um að ræða mismunun, t.d. þegar um er að ræða samkeppnisstarfsemi.

Sambandið telur mjög mikilvægt að nýtt sé fyrrnefnt heimildarákvæði tilskipunarinnar til að lengja greiðslufrest í viðskiptum milli opinberra aðila og fyrirtækja í ákveðnum tilvikum, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Væri sú heimild ekki tekin upp í frumvarpinu má telja ljóst að verulega yrði hallað á opinbera aðila sem stunda starfsemi á samkeppnismarkaði, s.s. á raforkumarkaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

4. gr. Um 30 daga greiðslufrest í viðskiptum milli opinberra aðila og fyrirtækja er fjallað í 1. mgr. 4. gr. en **2. mgr.** kveður á um að mögulegt sé að framlengja greiðslufrestinn skv. 1. mgr. ef það er sérstaklega tekið fram í samningi og „slík framlenging er rökstudd á hlutlægan hátt í ljósi sérstakra eiginleika eða þátta samningsins.“ Að mati sambandsins hefði verið æskilegt að meiri umfjöllun hefði verið um málsgreinina í greinargerð með frumvarpinu. Í greinargerðinni, bæði almennum athugasemdum og athugasemdum við greinina sjálfa, er litlu bætt við frumvarpstextann. Gagnlegt hefði verið að telja upp í dæmaskyni tilvik sem hugsanlega gætu fallið undir málsgreinina en vissulega mun við skýringu þessa ákvæðis verða litið til þeirra röksemda sem búa að baki heimild til að veita fasta undanþágu, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Bent skal á að 2. másl. 2. mgr. mætti vera skýrari. Í frumvarpinu er hann svohljóðandi: „Slík framlenging má þó ekki verða lengri en 60 almanaksdagar.“ Mögulegt væri að misskilja að þarna væri um að ræða framlengingu um 60 daga frá 30 daga frestinum sem er meginreglan í 1. mgr. Hér er átt við framlengingu frá 30 daga fresti og færi því betur á því að setningin væri orðuð t.d. með eftirfarandi hætti: „Greiðslufrestur getur þó ekki orðið lengri en 60 dagar.“

5. gr. Í greininni er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. sé aðilum í verslunarviðskiptum heimilt að semja um afborganir með greiðsluáætlun. Sambandið telur þýðingarmikið að ekki sé verið að takmarka rétt aðila til að semja um afborganir á grundvelli greiðsluáætlunar en ekki virðist ljóst af athugasemdum í greinargerð hvernig skýra eigi ákvæðið með hliðsjón af



meginreglum um greiðslufrest í 3. og 4. gr. frumvarpsins. Spurning vaknar um hvort líta beri svo á að hver einstök greiðsla skv. greiðsluáætlun skuli uppfylla kröfur laganna um greiðslufrest. Það virðist raunar leiða af ákvæðinu en mætti orða með skýrari hætti.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri